

Í STUTTU MÁLI



Ætlar í 22 milljarða króna framkvæmdir

» Landsnet undirbýr endurnýjun og styrkingu raforkuflutningskerfisins á Suðvesturlandi. Framkvæmdakostnaður er áætlaður um 22 milljarðar króna á verðlagi í ágúst 2008 og mannaflaþörf um 380 ársverk, segir í tilkynningu félagsins. Drög að matsáætlun vegna framkvæmdanna hafa nú verið lögð fram til kynningar og er athugasemdafrestur til 16. desember næstkomandi.

33,56% fækkun milli ára

» Í nóvember síðastliðnum fóru tæplega 91.500 farþegar um Keflavíkurlflugvöll, samkvæmt tölum fráflugvellinum, samanborend við tæplega 143 þúsund í nóvember í fyrra.

Fækkunin nemur 33,56% á milli ára. Þetta kemur fram á vef Ferðamálastofu.

Tæplega 95% samdráttur í bílasölu

» 74 bílar seldust í nóvembermánuði miðað við 1365 bíla á sama tíma í fyrra. Þetta jafngildir 94,6% samdrætti sem staðfestir það hrun sem orðið hefur í bílasölu hér á landi. Toyota seldi flesta bíla, eða 28 talsins, en samdráttur þeirra á milli ára nam 91,4%. Suzuki kom þar næst með 8 bíla selda. Á árinu hafa 8987 bílar selst sem er ríflega 40% samdráttur á milli ára.

Sprotafyrirtæki Nýtt íslenskt augnrannsóknartæki að komast af þróunarstigi

Gæti bylt augnrannsóknnum

Eftir 10 ára rannsóknar- og þróunarstarf er fyrirtækið Oxymap farið að selja augnrannsóknartæki en mikið starf er enn framundan. Fyrstu viðbrögð vekja bjartsýni um framhaldið.


SIGURÐUR MÁR JÓNSSON
siggi@vb.is

Ef það er eitthvað sem við Íslendingar þurfum á að halda núna eru það sprotafyrirtæki. Innan læknis- og verkfræðideildar Háskóla Íslands hefur verið unnið að þróun á tæki til mælinga á súrefnismettun í augnbotnum. Mælirinn vinnur upplýsingar úr stafrænum ljósmyndum af augnbotnum, sem teknar eru án þess að sjúklingurinn verði fyrir tilfinnanlegum óþægindum. Þetta hefur getið af sér fyrirtækið Oxymap sem nú hefur selt nokkur tæki eftir langa þróunarvinnu. Aðstandendur fyrirtækisins eru því bjartsýnir á að hægt verði að hefja aukna framleiðslu á tækinu.

Um síðustu helgi kom hingað til lands Toke Bek, prófessor og yfirlæknir háskólasjúkrahúsins í Árósum, til að sannreyna og kaupa tæki af Oxymap, enda hefur hann lýst yfir mikilli ánægju með virkni tækisins.

10 ára rannsóknir

Rannsóknir á súrefnisbúskap augans hafa lengst af nær eingöngu farið fram með dýratilraunum. Með tilkomu mælisins hefur að sögn dr. Einars Stefánssonar, prófessors í augnlækningum, gefist ómetanlegt tækifæri að sannreyna ýmislegt í lífeðlisfræði mannaugans. Rannsóknir með mælinn hafa farið fram innan læknadeildar Háskóla Íslands og augndeildar Landspítalans í samstarfi við erlendar rannsóknarstofnanir. Rannsóknir tengdar



Íslenskir aðstandendur Oxymap við afhendingu tækisins á laugardaginn. Frá vinstri: Verkfræðingarnir Agnes Davy og Róbert A. Karlsson, Árni Þór Árnason framkvæmdastjóri, dr. Einar Stefánsson prófessor og yfirlæknir við LHS, Gísli H. Halldórsson verkfræðingur og dr. Toke Bæk, prófessor og yfirlæknir við háskólasjúkrahúsið í Árósum.

tækinu hófust fyrir 10 árum en segja má að þær standi á grunni þekkingar og rannsókna Einars Stefánssonar, sem starfað hefur á þessu sviði í 30 ár.

Hugmyndin að tækinu kviknaði þegar Einar sat námsstefnu lækna hjá geimferðarstofnun Bandaríkjanna, NASA. Í kjölfarið leitaði Einar til ýmissa sérfræðinga, þar á meðal til dr. Jóns Atla Benediktssonar rafmagnsverkfræðings, sem er sérfræðingur í fjarökun, dr. James Melvin Beach lífverkfræðings, dr. Þórs Eysteinssonar lífeðlisfræðings og Gísla Hreins Halldórssonar rafmagnsverkfræðings sem leiðir framleiðsluhópinn. Smám saman varð súrefnismælirinn til og hefur verið í stöðugum prófunum, bæði hér á landi og í Bandaríkjunum, og nú bætast við tveir aðilar í Danmörku sem hafa keypt tæki.

Í hagnað eftir fjögur ár

Um aldamótin var fyrsta frumgerðin af tækinu tilbúin og Oxymap var fornlega stofnað árið

2002. Það er í eigu upprunalega rannsóknarhópsins, Háskóla Íslands, Landspítalans, og á þessu ári kom Nýsköpunarsjóður inn ásamt fjárfestum úr viðskiptalífni. Í dag starfa níu manns hjá fyrirtækinu en framkvæmdastjórinn er Árni Þór Árnason, fyrrum forstjóri Austurbakka hf. Stjórnendur Oxymap telja ágæta hagnaðarvon liggja í þróun súrefnismælisins en söluverð á slíku tæki er 45 þúsund evrur. Þeir áætla að fyrirtækið muni skila hagnaði eftir fjögur ár og eftir tíu ár reikna þeir með að salan verði yfir 100 milljónir evra á ári, eða um 9 milljarðar króna.

Hjálpur að finna algenga sjúkdóma

Til að skilja notagildi tækisins er gott að hafa í huga að margir algengustu blinduvaldandi sjúkdómar í augnbotnum hafa í för með sér truflun á súrefnisbúskap og blóðflæði sjónhimnu. Má þar nefna gláku, sjónhimnujúkdóm í sykursýki og æðalokanir. Með beinum

mælingum á súrefnismettun sjónhimnuæða er hugsanlegt að greina megi sjúkdómseinkenni mun fyrr en unnt er með núverandi aðferðum, sem byggja einkum á mati sérfræðinga á sjáanlegum skemmdum vegna súrefnisskorts.

Súrefnismælirinn mun bæta meðferð á blinduvaldandi sjúkdómum þar sem magntæk mæling gefur nákvæmara mat á sjúkdómsástandi hvers sjúklings. Því er hægt að sníða meðferð að hverjum og einum einstaklingi.

Fyrirtækið hefur hafið sölu á súrefnismælinum til rannsóknarhópa og standa vonir til þess að mælirinn verði staðalbúnaður á augnlæknastofum víða um heim, til að aðstoða við meðferð og greiningu á blinduvaldandi sjúkdómum. Rannsóknarhópur lækna- og verkfræðideildar í augnlækningum hefur nú verið sameinaður í nýrri aðstöðu Háskóla Íslands í Hamrahlíð 17, húsnæði Blindrafélags Íslands.

VIÐ ÞRÍFUM – ÞÚ VINNUR



BG býður fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum upp á alvöru heildarlaunir þegar kemur að ræstingum og hringingum.

BG 
- við tryggjum þér hreinni framtíð

B.G. Þjónustan ehf. • Sími 533 5000 • www.bgt.is

